



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sbr. 1 mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrirhugað er að breyta Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, samþykkt af umhverfisráðherra þann 15.10.2013, í landi Dagverðarness. Tillagan felur í sér eftirtaldar breytingar á skipulagsuppdrætti:

- Austurmörk frístundabyggðarsvæðis C færast 185 m til vesturs og svæðið minnkar um 4,0 ha.
- Nýtt, 3,9 ha frístundabyggðarsvæði verður skilgreint austarlega á jörðinni, ofan Skorradalsvegar (508), innan núverandi skógræktarsvæðis.
- Tvö ný skógræktarsvæði verða skilgreind ofan við önnur svæði ofan vegar. Efri mörk skógræktarsvæðanna taka mið af skógræktarsvæðum á aðliggjandi jörðum; Hvammi í vestri og Stálpastöðum í austri, og ná þvert yfir jörðina að frátöldu skóglausu svæði á milli gilja ofan við bæjarhúsin. Vestan gilja verður 15,4 ha svæði, en svæðið austan gilja verður 32,0 ha.
- Óbyggt svæði, sem er skilgreint ofan vegar, minnkar um 44,9 ha og verður 243,3 ha.

Í greinargerð aðalskipulags verða gerðar eftirfarandi breytingar:

- Tafla 23. *Heiti frístundabyggðar á einstökum jörðum, flokkun og stærð svæða* frístundabyggðarsvæðis.
- Upplýsingar í töflunni verða uppfærðar í samræmi við gerð og stærð nýs frístundabyggðarsvæðis (E) og breytta stærð (C).
- Tafla 24. *Lýsing á afmörkun einstakra svæða (og hnitasetning) eftir jörðum* frístundabyggðarsvæðis.
- Upplýsingar í töflunni verða uppfærðar í samræmi við gerð og stærð nýs frístundabyggðarsvæðis (E) og breytta stærð (C).
- Einnig bætist við nýr undirkafli sem markar stefnu einstakra frístundabyggðasvæða í kaflanum *Reglur um frístundabyggð:*

Frístundabyggð í Dagverðarnesi

Í landi Dagverðarness eru fimm svæði undir frístundabyggð. Tvö þeirra, (A) og (B), eru neðan Skorradalsvegar og hefur deiliskipulag þegar verið unnið fyrir stærstan hluta beggja svæða og uppbygging þeirra einnig langt á veg komin. Ofan vegar eru þrjú svæði; (C), (D) og (E). Ekki hefur verið unnið deiliskipulag fyrir neitt þeirra og eru þau með öllu óbyggð. Í frístundabyggðum (C), (D) og (E) er gert ráð fyrir stórum lóðum, að lágmarki 5.000 m²; þaðan er mikið útsýni yfir Skorradal, bæði inn dalinn og út. Gerð er krafa um hús með einhalla þök, mænisstefnu samhliða hæðarlínum og hærri langvegg til suðurs. Frágangur mannvirkja, efnis- og litaval skulu stuðla að því að þau falli vel að umhverfinu.
Við hönnun mögulegra aukahúsa skal taka tillit til hönnunar, efnis- og litavals frístundahúss.

	Frístundabyggð C	Frístundabyggð D	Frístundabyggð E
Staðsetning	Ofan Skorradalsvegar, vestast í landi Dagverðarness	Ofan Skorradalsvegar, austast athafnasvæðis 2a	Ofan Skorradalsvegar, innan skógræktarsvæðis Q
Stærð (ha)	6,2	9,9	3,9
Aðkoma svæðis	Frá Skorradalsvegi	Frá Skorradalsvegi	Frá Skorradalsvegi
Lágmarksstærð lóða	5.000 m²	5.000 m²	5.000 m²
Hámarksfjöldi lóða	13	20	8
Nýtingarhlutfall	0,05	0,05	0,05
Hámarksstærð aukahús m²	35	35	35
Hámarkssalarhæð frístundahúss	6	6	6
Hámarkssalarhæð aukahúsa	4,5	4,5	4,5
Mænisstefna frístundahúss	Samhliða hæðarlínum	Samhliða hæðarlínum	Samhliða hæðarlínum
Þakgerð	Einhalla	Einhalla	Einhalla
Þakhalli	2 - 15%	2 - 15%	2 - 15%

Afmörkun skipulagssvæðis og staðhættir

Dagverðarnes er í suðurhlíð Skálafells, tæplega miðja vegu inn með Skorradalsvatni. Hlíðin er nokkuð brött en bæjarhúsin standa í aflíðandi hvammi miðsvæðis á jörðinni, rétt ofan Skorradalsvegar (508).
Svæðið sem um ræðir afmarkast í vestri af landamerkjum Dagverðarness og Hvamms, í norðri af efri mörkum nýs skógræktarsvæðis sem fylgir að mestu 240 metra hæðarlínu, í austri af landamerkjum Dagverðarness og Stálpastaða og í suðri af Skorradalsvegi (508).
Gróðurþekja er slitrótt að undanskildum túnum og skógræktarreit.

Tengsl tillögu við aðrar skipulagsáætlanir

Landskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu segir: „Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag“ og „Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.“
Breytingartillaga þessi fjallar um að viðhalda þjónustu við eigendur og notendur frístundahúsa í Skorradal, auka skjól á svæðinu og fjölga útivistarmöguleikum í sátt við náttúru og mannlíf, og samræmist þannig Landsskipulagsstefnu.

Gildandi aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 – 2022 er stærstur hluti lands Dagverðarness, ofan vegar, skilgreindur Óbyggt svæði. U.þ.b. 40-45 ha þess verða færðir í landnýtingarflokkinn Skógrækt samkvæmt fyrirhugaðri breytingartillögu. Auk þess verður svæði fyrir frístundabyggð, vestast á jörðinni, minnkað úr 10,2 ha í 6,2 ha og nýtt 3,9 ha svæði skilgreint austarlega á jörðinni.

Deiliskipulag

Engar samþykktar deiliskipulagsáætlanir eru í gildi fyrir ofan Skorradalsveg.

Forsendur og rökstuðningur fyrir breytingartillögu

Um árabil hefur verið stunduð skógrækt í Dagverðarnesi, auk þess sem þar er frístundabyggð. Nú er svo komið að eigendur jarðarinnar vilja auka skógrækt og gera breytingar á afmörkun svæða fyrir frístundabyggðir. Stórt svæði ofan vegar er skilgreint sem "Óbyggt svæði" í aðalskipulagi, en landeigendur vilja rækta þar skóg, allt í senn til að skapa skjól, auka frjósemi jarðarinnar og hafa af henni mögulegar tekjur í framtíðinni. Frístundabyggð C - F2 í landi Dagverðarness er enn óskipulögð og hefur engin uppbygging átt sér stað þar. Landeigendur vilja færa mörk svæðisins fjær bæjarhúsum í Dagverðarnesi og skilgreina nýtt svæði austan við frístundabyggð D – F2.

Fyrirhugaður samningur við Skógræktina er hluti af áætlun landeigenda að auka skógrækt á jörðinni. Áætlað er að girða upp á Skorradalshálsi svo búfé komist ekki úr Lundareykjadal yfir í Skorradal. Með þessu er ætlunin að vernda núverandi skógrækt í landi Dagverðarness þar með talið þá birkiskóga sem eru bæði ofan og neðan vegar. Skipulag skógræktar á svæðinu mun fara eftir tillögum Skógræktarinnar þannig að fulltryggt er að virt verða ákvæði 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Náttúrulegur birkiskógur er á vesturhluta frístundabyggðarsvæðis C – F2. Á þeim hluta frístundabyggðasvæðisins sem ætlunin er að skilgreina sem skógrækt með nýju skipulagi, er að koma upp náttúrulegum sprottnum birkiskógi sem landeigendur binda vonir við að fái að vaxa og dafna þegar landið hefur verið friðað fyrir ágangi búfjár. Fyrirhuguð færsla á frístundabyggðarsvæði á reit E – F2 er þannig ætlað að vernda náttúrulegan vöxt birkiskógar.

Rétt er að fram komi að fyrirhugað frístundabyggðasvæði E – F2 er þar sem nú er beitarhólf, þ.e. á milli asparskógar og greniskógar í austanverðu landinu. Birkiskógur er aðallega norðan við fyrirhugað svæði og mun byggð á reitnum því ekki raska birkiskógi í landinu svo neinu nemur. Þegar frístundabyggð verður deiliskipulögð verður sérstaklega gætt að því að birkiskógi verði ekki raskað.

Við gerð aðalskiplagsins sem staðfest var á árinu 2013 var ákvæði 61. gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013 í gildi og var því tekin afstaða til þess að birkiskógar ofan vegar í Dagverðarnesi falli ekki undir ákvæðið. Raunar var verndarákvæði 61. gr. þá viðtækara en nú er því með 28. gr. laga nr. 109/2015 var gerð breyting á b- lið 1. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd var dregið úr umfangi verndar á birkiskógum. Í athugasemdum lagafrumvarpsins um þá breytingu segir meðal annars *„að ljóst sé að það séu ekki allir birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðinu heldur sé um að ræða sérstæða og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra. Birkiskógar eru víða í mikilli útbreiðslu vegna náttúrulegrar nýliðunar, t.d. meðfram þjóðvegum landsins. Verður því að telja heppilegra að þeir skógar sem sannanlega eru sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir falli undir ákvæði sérstakrar verndar. Skógrækt ríkisins mun bera ábyrgð á því að meta hvaða birkiskóga um ræðir, eins og fram kemur í 7. mgr. ákvæðisins.“*

Ekki liggur neitt fyrir um að Skógræktin hafi talið birkiskóginn ofan vegar í Dagverðarnesi falli undir skilgreiningu 61. gr. laga um náttúruvernd og á ákvæðið því ekki við. Að auki hefur verið sýnt fram á að tillögur til breytinga á aðalskipulagi munu ekki raska birkiskógi í landi Dagverðarnes heldur er þvert á móti verið að skapa betri aðstæður til að birkiskógur á landinu nái að vaxa og dafna.
Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022 gerir nú þegar ráð fyrir frístundabyggð á ákveðnum svæðum í Dagverðarnesi og allar grunnforsendur fyrir því að heimila frístundabyggðir í Dagverðarnesi og Skorradal koma fram í aðalskipulagi hreppsins. Sem stendur eru engar óseldar eða óleigðar lóðir í landi Dagverðarness. Fyrir liggur hins vegar tillaga að deiliskipulagi fyrir fjórar lóðir neðan vegar.

Áhrif breytingar á samfélag og umhverfi

Stækkun skógræktarsvæða í landi Dagverðarness hefur jákvæð hagræn og félagsleg áhrif. Skógræktin skapar skjól fyrir fyrirhugaða frístundabyggð og með tilkomu rekstrarstíga eykur það möguleika frístundalóðarhafa til útivistar. Frjósemi jarðarinnar eykst og þar af leiðandi auknar tekjur til framtíðar. Skógrækt hefur jákvæð áhrif á bæði gróðurfar og vilt dýralíf. Ágangur búfjár hefur verið nokkur úr Lundarreykjadal og yfir í Skorradalinn. Með fyrirhugaðri skógrækt verður landið girt af. Með tilkomu girðingarinnar mun gróðurfar breytast og verða fjölbreyttara og þar með hafa jákvæð áhrif á allt fuglalíf.
Minnkun frístundabyggðar C hefur jákvæð áhrif á landslagsrýmið umhverfis bæjarstæðið í Dagverðarnesi. Bærinn og umhverfi hans gegnir mikilvægu hlutverki í menningarlandslagi jarðarinnar og því mikilvægt að ekki sé þrengt að bæjarstæðinu. Með minnkun frístundabyggðar C heldur bæjarstæðið sínu svigrúmi og verður áfram hjarta jarðarinnar.
Frístundabyggðar E er þar sem nú er beitarhólf og mun því ekki raska birkiskógi í landinu svo neinu nemur. Skráðar fornminjar eru í nágrenni byggðarinnar, en þær munu ekki verða fyrir áhrifum þar sem þær eru utan svæðis. Afar jákvætt er að byggðin er umlukin skógræktarsvæði þannig að möguleikar til útivistar eru góðir.

Skýringar

- Landbúnaðarsvæði
- Skógrækt
- Óbyggð svæði
- Q Opin skógarsvæði til sérstakra nota
- Íbúðarsvæði
- Stök íbúðarhúsalóð
- Svæði fyrir frístundahús
- E Endurvarpsstöð
- Athafnasvæði
- Efnistökusvæði
- Vötn, Ár
- Stofnvegur
- Tengivegur
- þ2 Lendingarstaður þyrlu
- Tillaga að þjóðminjarvernd
- R Raflína 19kV og Andakílslína 66kV

Aðrar merkingar á korti

- Íbúðarhús (Bæjarstæði) á jörð
- Vatnsból / Kalt vatn
- Mörk skipulagssvæðis /
- Mörk jarða / Lóða (ónákvæm)
- Göngu- og Reiðleiðir meðfram vegi
- Aðalskráning fornleifa í Dagverðarnesi

Aðalskráning fornleifa

Árið 2003 var unnin aðalskráning fornleifa í landi Dagverðarness. Tekið hefur verið tillit til þeirrar skráningar við staðsetningu frístundabyggðarsvæðis (E) og verður hún jafnframt höfð til hliðsjónar við áframhaldandi vinnslu breytingartillögu þessarar.
Langflestar minjar eru á bæjarhólnum, þar sem engin breyting er gerð á landnotkun. Í raun eru aðeins tvennar minjar á svæðum sem færast á milli landnotkunarflokka auk minja sem eru rétt utan nýja frístundabyggðarreitsins.



- BO-137:017 Stóravarða hefur verið hlaðin á stórum steini eða kletti. Vitað er að hún stóð þar um miðjan þriðja áratug 20. aldar, en hrundi í kring um aldamótin 2000. Neðri hluti hennar stendur þó enn og sést ágætlega. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Eftir þessa breytingu á aðalskipulagi er Stóravarða innan skógræktarsvæðis og skal forðast að gróðursetja tré of nærri henni, til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

- BO-137:011 Stöðulgil. Þar voru kvíar en þær voru horfnar fyrir 1930. Grýttur hóll er efst í túninu Stöðli, sem gilið dregur nafn sitt af, og eru leiddar líkur að því að þar hafi kvíarnar verið. Stöðull hefur síðustu árin verið nýttur sem beitarhólf en skv. breytingartillögu þessari lendir hann innan skógræktar. Forðast skal að gróðursetja tré of nærri hólnum, til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

- BO-137:008 Ytristekkur er rétt austan við Kaldalæk, gegnt aspareit. Stekkurinn er í lyngvaxinni brekku og er allur grasi vaxinn. Veggirnir eru mjög signir og engar grjóthleðslur eru greinilegar. Mörk frístundabyggðar voru færð austur fyrir stekkinn til verndar honum. Forðast skal að gróðursetja tré of nærri stekknum, til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Engar minjanna eru á friðlýsingaskrá Minjastofnunar Íslands, en í aðalskipulagi er gerð tillaga um að Ytristekkur hljóti friðlýsingu skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Tákn fyrir tillögu að þjóðminjavernd verður fært á réttan stað á uppdrætti, út frá hnitsetningu minja.

Skipulagsferli, kynning og samráð

Leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Slökkviliðs Borgarbyggðar og Umhverfisstofnunar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lýsingar breytingar aðalskipulags. Lýsingin var auglýst þann 25. janúar til og með 19. febrúar 2019, á heimasíðu sveitarfélagsins og í Morgunblaðinu, þar sem íbúar og hagsmunaaðilar voru hvattir til að kynna sér lýsinguna og senda inn ábendingar. Einnig var opinn dagur á skrifstofu sveitarfélagsins þann 29. janúar 2019. Umsagnir bárust frá öllum umsagnaraðilum, farið var yfir þær og brugðist við þeim. Engar ábendingar bárust í lýsingarferlinu. Gert er ráð fyrir að tillaga breytingar aðalskipulags verður kynnt íbúum og hagsmunaaðilum í maí 2019. Leitað verður umsagnar vegna breytingartillögu hjá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Skógræktarinnar, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Slökkviliðs Borgarbyggðar í maí. Gert er ráð fyrir að tillagan verður auglýst í júlí 2019. Gera má ráð fyrir að tillagan verði tekin til afgreiðslu og samþykktar sveitarstjórnar í september 2019. Aðalskipulagsbreytingin tekur gildi þegar staðfesting skipulagsins hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og má gera ráð fyrir að það verði í október 2019.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann_____2019.

_____

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann_____2019.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd Skorradalshrepps þann_____2019.

_____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá_____til_____

BREYTING Á LANDNOTKUN Í LANDI DAGVERÐARNESS
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SKORRADALSHREPPS 2010-2022

Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:25000 (A2)	06.05.2019	a1220-Skorradalshreppur	a1220-Dagverðarnes.dgn	VÞ

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA